

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um lán handa barnaskóla. — Í sambandi við brjef mitt frá 19. janúar þ. á. er yður hjer með tjáð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum, að jeg hefi veitt hreppsnefndinni í Stokkseyrarhreppi 1500 kr. úr viðlagasjóði handa barnaskólanum á Eyrarbakka með 1. veðrjetti í hinu nýja skólahúsi þar, og gegn því að lánið ávaxtist og endurborgist með 6% árlega, en sýslunefndin í Árnessýslu hefir 27. apríl þ. á. veitt hreppsnefndinni samþykki það, er samkvæmt 26. grein sveitarstjórnartilskipunarinnar frá 4. maí 1872 útheimtist til að taka nefnt lán. 77
10. júní.

— Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um lán til búnaðarskóla. — Í sambandi við brjef mitt frá 6. f. m.¹ viðvíkjandi beiðni sýslunefndarinnar um 6000 kr. lán til að kaupa fyrir jörðina Hóla í Hjaltadal handa búnaðarskóla, læt jeg ekki hjálíða hjer með þjónustusamlega að tjá yður, að amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hafi í brjefi frá 30. f. m. skýrt mjer frá, að amtsráðið hafi á fundi 25. s. m. veitt samþykki sitt til umræddrar lántöku. 78
15. júní.

Þar eð beiðnin um lánið ekki inniheldur neina uppástungu um ávöxtun og endurborgun þess, bið jeg mjer senda slíka uppástungu og skal þess jafnframt getið, að þar eð upphæðin, 6000 kr., er hærri en helmingur kaupverðs jarðarinnar, 10000 kr., beri samkvæmt reglum þeim, er gilda um lán úr viðlagasjóði, að ákveða einhver skilyrði um endurborgun í öllu falli á þeim hluta lánsins, sem er umfram hálf andvirði jarðarinnar.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um tryggingu fangahúsa fyrir eldsvoða. — Í þóknanlegu brjefi frá 29. apríl þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, lagt það undir úrskurð ráðgjafans, hvort ástæða væri til að tryggja fangahúsin á Eskifirði, Húsavík, Akureyri, Ísafirði, Stykkishólmi og Vestmannaeyjum fyrir eldsvoða, og ef ráðgjafinn fjellist á það, þá af hverjum kostnaðurinn við slíka tryggingu eigi að greiðast. 79
30. júní.

Fyrir því læt jeg ekki hjálíða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að ráðgjafinn álitur það rjettast, að nefnd hús verði tryggð fyrir eldsvoða, og að það sje eðlilegast, að landssjóður borgi brunabóttagjaldið, eptir að kostnaðinum við viðhald fangahúsanna, svo og öðrum kostnaði til lögreglu og sakamála, er með lögum 2. nóvbr. 1877 ljett af jafnaðarsjóðunum og tjeð útgjöld lögð landssjóði á herðar.

Ráðgjafinn gefur yður því hjer með fullkomið umboð til að fá veitt útgjöld þau, er leiða af ráðstöfun þeirri, sem hjer ræðir um, með því að gjöra breytingaruppástungu við 9. gr. B. 3. í frumvarpi því til fjárlaga fyrir árin 1882 og 1883, sem lagt er fyrir alþingið, jafnframt skal þess getið til leiðbeiningar, þegar reikna skal upphæð gjalda þessara, að gagnfræðaskólahúsið á Möðruvöllum er af ráðgjafanum tryggt til brunabóta með hálfum af hundraði ($\frac{1}{2}$ p. C.) á ári í hinu «kgl. oktr. Kompagni for Varer og Effekter», sem að líkindum mundi einnig vera fúst til með líkum kostum að taka að sjer ábyrgðir þær fyrir eldsvoða, sem hjer ræðir um.

1) Í þessu brjefi var sýslunefndinni heitið 6000 kr. láni að áskildu samþykki amtsráðsins.